

## Fyrirspurn

til matvælaráðherra um áburðarforða.

Frá Birgi Þórarinssyni.

1. Hefur verið gripið til ráðstafana til að tryggja sjálfbærni Íslands um áburð?
2. Hefur verið skoðað hvort tilefni sé til að koma á fót áburðarverksmiðju hér á landi að nýju?
3. Hvaðan koma innfluttur áburður og önnur jarðvegsbætandi efni helst, sundurliðað eftir framleiðslulöndum? Hefur innrás Rússlands í Úkraínu haft mælanleg áhrif hvað það varðar?
4. Hvert er hlutfall innflutts áburðar af öllum áburði hér á landi?

Skriflegt svar óskast.